

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

B.t. Guðmundar B. Ingvarssonar

5. ágúst. 2009

**Efni: Sölvabakki Blönduósbæ – Urðunarstaður og efnistaka. Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað**

Norðurá bs. sækir um starfsleyfi fyrir urðunarstað á Sölvabakka Blönduósbæ í samræmi við reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

**Samantekt á upplýsingum í samræmi við gr. 10.3 rg. 785/1999:**

Norðurá bs. sækir um starfsleyfi fyrir urðunarstað á Sölvabakka sem taka mun á móti allt að 11.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Ekki verða urðuð þar spilliefni eða sláturúrgangur og er það stefna Norðurár bs. að draga eins og unnt er úr urðun lífræns úrgangs. Urðunarstaður verður á um 30 ha lóð skammt fyrir norðan bæinn Sölvabakka á Refasveit í Blönduósbæ. Lóðin tengist við Neðribyggðarveg. Á lóð verður aðkomuplan í suðausturhorninu með aðstöðu til þvotta fyrir flutningabíla og þar verður löggilt vog. Við plan verður þjónustuhús með afgreiðslu, starfsmannaaðstaða og lítill lager. Gert er ráð fyrir einu djúpu urðunarhólfi á lóð. Urðunarstaðurinn er á mel sem er forn sjávarkambur. Urðunarhólf verður grafið niður í laust yfirborðsjarðlag úr sandi og mól niður á leirlag sem verður notað að hluta sem botnþétting. Urðunarsvæði er mjög þurrt og nánast ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu. Jarðfræði- og vatnafræðilegar aðstæður eru taldar mjög góðar fyrir urðunarstað. Þétting verður sett í botn urðunarstaðar til söfnunar á sigvatni og það hreinsað. Úrgangur sem kemur í hólfid verður troðinn jafn óðum með þungum sorptroðara og hulið yfir daglega með jarðefnum til að varna foki úrgangs og lyktarmengun. Yfirborð úrgangs í hólfu fer ekki yfir upprunalegt yfirborð mels og fer því nánast öll tækjavinna fram undir núverandi yfirborði mels sem leiðir til lítils sýnileika og minna ónæðis m.a vegna hávaða. Jarðefnum úr urðunarhólfi verður komið fyrir á lager austan við hólfid og það geymt fyrir nýtingu í framkvæmdir á komandi árum í nágrenninu. Á lóð er rými til mögulegrar meðhöndlunar flokkaðs úrgangs t.d. jarðgerð. Lóð urðunarsvæðis verður girt af. Rekstur verður skv. rekstrarhandbók sem gerð verður og unnið skv. gæðakerfi. Eftirlit verður með hugsanlegri mengun vatns og lofts bæði á rekstartíma og eftir lokun urðunarstaðar. Nú hefur verið unnin matsáætlun fyrir urðunina og frummatsskýrsla og er unnið að breytingu svæðisskipulags og gerð deiliskipulags. Áætlað er að bjóða út verkframkvæmd nú í haust 2009 og vinna verkið á 3-6 mánuðum.

**Eftirfarandi upplýsingar fylgja umsókn í samræmi við 13. gr. rg. 738/2003 a til j.**

a) Nafn umsækjanda.

Norðurá bs. Kt: 560206-0620. Heimilisfang: Skagfirðingabraut 17, 550 Sauðárkrókur. Sími: 455-2700. Umboðsmaður Norðurár bs. : Magnús B. Jónsson. Ráðgjafi Norðurár bs.: Gunnar Svavarsson, Efla hf. verkfræðistofa.

b) Lýsing á tegund þess úrgangs, sem koma á fyrir, og heildarmagni hans.

Allar tegundir úrgangs sem heimilt er að urða skv. rg. 738/2003 og er flokkaður frá öðrum úrgangi, m.a. heimilis- og rekstrarúrgangur. Úrgangurinn verður rúmmálsminnkaður við urðun. Ekki verða urðuð spilliefni eða sláturúrgangur á urðunarstaðnum. Allt að 330.000 tonn af úrgangi verða urðuð á urðunarstað á rekstrartíma hans, eða um 11.000 tonn á ári. Vísað er til svæðisáætlunar Norðurár bs. um meðhöndlun úrgangs 2005 – 2020 fyrir nánari upplýsingar um uppruna, magn og gerð úrgangs.

c) Áætluð móttökugeta urðunarstaðarins og áætlaður rekstrartími.

Móttökugeta er áætluð 330.000 tonn og áætlaður rekstrartími er 30 ár.

d) Lýsing á urðunarstaðnum, þar á meðal lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans.

Vísað er í skýrslu sem fylgir með umsókn fyrir nánari lýsingu: Sölvabakki Blönduósbae– urðunarstaður og efnistaka, mat á umhverfisáhrifum, drög 29.5.2009, kafla 1 inngangur og kafla 2 framkvæmd og tengdir þættir.

Urðunarstaðurinn verður á 30 ha lóð um 600 metra norðan við bæinn Sölvabakka á Refasveit í Blönduósbae. Lóðin mun tengjast með aðkomuvegi við Neðribyggðarveg nr. 741 sem aftur tengist við Skagastrandarveg nr. 74. Á lóðinni við aðkomuvegin verður aðkomuplan með slitlagi í suðausturhorni lóðarinnar. Þar verður aðstaða til losunar og skoðunar á einstöku farmi sem inn kemur, þvottaðstaða fyrir bíla og löggild vog. Við plan verður þjónustuhús með afgreiðslu og skráningarbúnaði fyrir m.a. uppruna, magn og tegund úrgangs, starfsmannaaðstaða verður fyrir 2-3 starfsmenn og lítill lager. Frá plani verður vegur að urðunarhólfi á suðvesturhluta lóðarinnar og rampi niður í botn hólfsins. Gert er ráð fyrir einu djúpu urðunarhólfi sem grafið verður út í nokkrum áföngum og stækkar til norðausturs á lóðinni. Urðunarstaðurinn verður á mel sem er forn sjávar kambur. Urðunarhólfið verður grafið niður í laust jarðlag úr sandi og mól sem er um 20 m þykkt. Undir þessu jarðlagi er leir/silt jarðlag um 15 metra þykkt sem nýtt verður sem botnþétting að hluta ef prófanir leiða í ljós að þéttleiki sé nægjanlegur og hægt sé að móta þar rennslishalla. Þetta jarðlag situr ofan á þéttum basalt berggrunni sem sést í niður við sjávarmál í fjöru. Urðunarsvæðið er mjög þurr og er ársúrcoma einungis um 500 mm á ári. Nánast ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu nema seytl af jarðvatni fram af leir/siltlagi við sjávarbakkana. Aðstæður eru einnig mjög góðar til að byggja yfirborðsvatnsflóðavarnir ofan við urðunarhólf og stýra þannig hugsanlegu leysingarvatni frá urðunarhólfinu. Á hliðarfláa sem eru 1:3 í urðunarhólfi verður settur bentonít leirdúkur til söfnunar á sigvatni og rásir verða grafnar í botn urðunarhólfsins með ákveðu millibili og drenrör lögð. Hriplag verður lagt ofan á botn og hliðar í urðunarhólfi og úrgangur lagður þar ofan á. Byrjað verður að fylli í hólfið frá botni og upp og verður stærð á vinnslufleti úrgangs ávalt haldið í lagmarki og úrgangur troðinn jafn óðum til að minnka rúmmál og varna foki og lyktarmengun. Hula verður sett á úrganginn daglega. Endanlegt yfirborð úrgangs í hólfinu fer ekki yfir upprunalegt yfirborð mels og fer því nánast öll losun og tækjavinna fram undir núverandi yfirborði mels sem leiðir til lítills sýnileika og minna ónæðis. Sigvatn sem myndast í urðunarhólfi verður leitt í lögn með sjálfrennsli að hreinsivirki sem verður byggt í minni rofgils ofan við strönd. Eftir hreinsun sigvatns verður vatnið frá stöðinni leitt í siturlagnakerfi. Jarðefnum úr urðunarhólfi verður komið fyrir á lager austan við hólfið og það geymt fyrir nýtingu í framkvæmdir í nágrenninu á komandi árum. Á lóðinni er einnig rými til mögulegrar meðhöndlunar flokkaðs úrgangs t.d. jarðgerð. Lóðin verður girt af og nauðsynlegar merkingar settar upp.

e) Fyrirhugaðar aðferðir í því skyni að fyrirbyggja mengun og draga úr henni.

Vísað er í frummatsskýrslu til nánari skoðunar á þáttum til að fyrirbyggja mengun.

*Mengun vegna gass.* Til að fyrirbyggja mögulega mengun vegna metangass mun Norðurá bs. draga úr urðun lífræns úrgangs eins og unnt er. Á starfssvæði Norðurár bs. eru tvö stór sláturhús og falla til um 3.000 tonn af þessum úrgangi árlega. Ákvörðun hefur verið tekin um að þessi úrgangur fari ekki inn á urðunarstaðinn. Á Sauðarkróki er jarðgerðarstöð sem á að geta afkastað vinnslu á allt að 5.000 tonnum af lífrænum úrgangi. Skv. svæðisáætlun er stefnt að því að draga verulega úr urðun á fiskúrgangi, garðaúrgangi og þéttbýlisdýraúrgangi á næstu árum sem mun leiða til að það dragi úr gasmyndun og mengunarhættu hennar vegna. Þá munu gassöfnunarlagnir verða lagðar í urðunarhólfid samhliða fyllingu úrgangs og þær tengdar söfnunarkerfi sem leiða mun gas að gasbrennslustöð.

*Mengun vegna lyktar.* Til að fyrirbyggja mögulega lyktarmengun mun Norðurá bs. draga úr urðun lífræns úrgagns eins og unnt er, en skv. reynslu hjá sveitarfélögunum má rekja kvartanir þar vegna lyktar af urðun til urðunar á sláturúrgangi. Þá verður fyrirkomulagi urðunar stýrt t.d. þ.a. ekki sé tekið við úrgangi sem veldur lyktarmengun nema veður og vindáttir leyfi. Vinnslufleti úrgangs verður ávalt haldið í lágmarki og úrgangur troðinn og hulinn daglega sem einnig mun draga úr mögulegri lyktarmengun. Fjarlægðir eru miklar í flesta bæi í nágrenninu og ólíklegt að þangað berist lykt af urðunarstað.

*Mengun vegna sigvatns.* Í botni og á hliðum urðunarhólfs verður þétting sem varna mun því að sigvatn berist í jarðveg eða vatn utan urðunarstaðarins. Í botninum verða rásir með söfnunarrörum og hriplagi þar ofan á. Sigvatn verður leitt í lögnum að hreinsimannvirki neðan við urðunarhólfid og það meðhöndlað þar eins og kröfur gera ráð fyrir áður en því er sleppt í viðtaka. Myndun sigvatns mun verða lítil vegna þess hve svæðið er þurrt og hve lítið urðunarhólfid verður. Þá verður mögulegu yfirborðsflóðavatni beint frá urðunarhólfinu með skurðrásum. Einn helsti þátturinn til að draga úr mengunarhættu vegna sigvatns verður að draga úr urðun lífræns úrgangs sem er megin uppspretta mengunar í sigvatninu. Sýni verða tekin reglubundið af aðrennslisjarðvatni ofan við hól og einnig sjávarmegin til að fylgjast með hugsanlegri mengun vatns.

*Mengun vegna hávaða.* Til að draga úr hættu á hávaðamengun vegna vinnu við urðun er urðunarhólfid hannað undir núverandi yfirborði lands, en ekki byggt upp úr landinu eins og venja hefur verið. Þetta leiðir til þess að hljóð frá tækjum berst beint upp í loft og veldur því ekki ónæði. Tækjavinna sem fram fer ofan á mel t.d. jarðefnanna verður skermuð af með hljóðmönnum úr jarðvegi gerist þess þörf.

*Mengun vegna foks.* Til að draga úr hættu á foki úrgangs og ryks vegna vinnu við urðun er urðunarhólfid hannað undir núverandi yfirborði lands. Þetta leiðir til þess að skjólsælla verður þar sem losun sorpbíla fer fram og því minni hættu á foki. Þá verður stærð vinnslufatar lágmarkuð, sorp troðið jafnóðum og hulið daglega. Girðing verður umhverfis lóð sem stoppar eðlisléttan úrgang sem hugsanlega fýkur upp úr hólfi. Til að varna rykmengun af vegum og slóðum verða þeir vegir sem ekki verða með slitlagi bundnir með þar til gerðum efnum eftir þörfum. Ef fín jarðefni fjúka af jarðefnalager og valda óþægindum verður bindiefnum úðað yfir bingi eftir þörfum.

f) Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit.

Rekstri er að hluta lýst hér að framan. Stefnan hjá Norðurá bs. er að samlagsfélagið sjái um rekstur urðunarstaðarins. Ráðið verður í eina stöðu umsjónarmanns sem mun sjá um allan daglegan rekstur og ganga í öll nauðsynleg verk. Ráðið verður í ½ stöðu vélamanns sem sér um almenna vinnu við urðunina þ.e. að taka á móti flutningabílum í afgreiðslu, skrá, leiðbeina, troða og setja á huluefni auk fleiri verka. Opnunartími verður ákveðinn síðar. Rekstrarhandbók verður gerð fyrir verk er tengjast urðun á úrgangi með lýsingum á verkferlum sem tryggja að rétt sé staðið að meðhöndlun úrgangs og fyllingu urðunarhólfs, fyrirkomulags við jarðefnalager og hreinlætismálum. Hún mun einnig taka á vöktunarpáttum, svo sem skráningum, sýnatökum, rekstri hreinsimannvirkja og tilkynningarmálum.

Skráningar eftir ferlum sem lýst verður í rekstrarhandbók eru hluti innra eftirlits og rekstrar gæðakerfis urðunarstaðar.

g) Áætlun um lokun, aðgerðir í kjölfar lokunarinnar og kostnað sem af því hlýst.

Vísað er í frummatsskýrslu til nánari skoðunar á fyrirkomulagi lokunar urðunarstaðar eftir að rekstri líkur. Urðunarhólf verður grafið út og fyllt, líklega í 4-6 áföngum. Þegar fyllt hefur verið í áfanga hólfis upp undir yfirborð mels verður gengið frá þeim hluta eins og reglur mæla fyrir um. Gera má ráð fyrir að aftur þurfi að fylla í yfirborðið innan nokkurra ára vega sigs sem jafnan verður í úrgangsfyllingu og verður fylgst með því með hæðarmælingum. Eftir að sig hættir verður yfirborðið grætt og gengið endanlega frá því. Stefnt er að því að eftir að rekstrartíma líkur verði landinu skilað í sem líkustu ástandi og það var fyrir urðun. Þá er gert ráð fyrir að jarðefnalagar hafi verið nýttur upp og landyfirborðið þar undir lagað að umhverfinu. Verði jarðefni eftir verður unnið með þau samkvæmt reglum og í samáði við hluteigandi yfirvöld og landeiganda. Eftir að úrgangur hefur náð jafnvægi við umhverfið eins og segir í 1. gr. rg. 738/2003 verða hreinsimannvirki og girðingar fjarlægðar af lóð og gengið frá vegum og slóðum í samkomulagi við landeiganda. Kostnaður við lokun fellst í hönnun, umsjón, eftirliti, frágangi yfirborðs og fjarlægingu mannvirkja og verður hann greiddur af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Kostnaðurinn er áætlaður 10.000.000 kr.

h) Fullnægjandi trygging umsækjanda, eða sérhver önnur jafngild ráðstöfun, sem krafist er samkvæmt 17. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing verður útbúin af Norðurá bs. fyrir útgáfu starfsleyfis.

i) Greinargerð um þær aðferðir sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun eða draga úr henni þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunnar.

Vísað er í framangreindar lýsingar á aðferðum til að fyrirbyggja mengun og draga úr henni og frummatsskýrslu. Einnig varðandi tilhögun innra eftirlits, vöktunar og lokunar.

j) aðrar upplýsingar ef þörf er á.

Óskað er eftir því að starfsleyfi sé unnið samhliða hönnun urðunarstaðar sem nú er í gangi og í samvinnu við Norðurá bs. og framangreindan ráðgjafa.

**Eftirfarandi upplýsingar fylgja umsókn í samræmi við 10. gr. rg. 785/1999, liði a til k.**

a. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu.

Urðunarstaður og efnistaka. Móttekur allt að 11.000 tonn af almennum úrgangi árlega. Vísað er í liði b – d að framan til nánari upplýsingar.

b. Afrit af staðfestu deiliskipulagi.

Vinna við breytingu á svæðisskipulagi er í gangi og verður væntanlega búin í byrjun september 2009. Vinna við gerð deiliskipulags er einnig í vinnslu og verður staðfestu eintaki skilað til UST fyrir útgáfu starfsleyfis. Landmótun sf. vinnur við þessa vinnu og er aðalráðgjafi þar Yngvi Þór Loftsson.

c. Lýsing á staðháttum við vinnslustað.

Vísað er í frummatsskýrslu.

d. Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd.

Á ekki við.

e. Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

Vísað er í frummatsskýrslu.

f. Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun.

Vísað er í lið e) að framan og frummatsskýrslu.

g. Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.

Vísað er í lið e) að framan og frummatsskýrslu.

h. Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Vísað er í lið f) að framan og frummatsskýrslu.

i. Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á.

Á ekki við.

j. Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna.

Lítill sem enginn úrgangur fellur til við starfsemina utan lítilræðis af rekstrarúrgangi og þeirra mengunarefna sem hreinsuð verða úr sigvatni. Ekki er enn vitað í hvaða formi úrgangur vegna sigvatnshreinsunar verður eða hvernig hann skilgreinist, en förgun á honum verður í samræmi við reglur. Spilliefni sem falla til á urðunarsvæðinu t.d. olúsíur og mótorolía, eða spilliefni sem finnast í úrgangi á urðunarstað verður safnað og þeim skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

k. Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Ákvæðum starfsleyfis verður fylgt.

Meðfylgjandi eru drög að frummatsskýrslu vegna Sölvabakki Blönduósbæ – Urðunarstaður og efnistaka. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Sent til Umhverfisstofnunar á rafrænu formi.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Norðurár bs.

Efla hf. verkfræðistofa